

28. mars 2018 | Dans | 838 orð | 2 myndir

Dans - Tjarnarbió**Öldur eilífðarinnar****Crescendo ****-**

Danshöfundur: Katrín Gunnarsdóttir. Dansarar: Heba Eir Kjeld, Snædís Lilja Ingadóttir og Védís Kjartansdóttir. Sviðsmynd og búningar: Eva Signý Berger. Hljóðmynd: Baldvin Þór Magnússon. Lýsing: Jóhann Friðrik Ágústsson.

Danshöfundur: Katrín Gunnarsdóttir. Dansarar: Heba Eir Kjeld, Snædís Lilja Ingadóttir og Védís Kjartansdóttir. Sviðsmynd og búningar: Eva Signý Berger. Hljóðmynd: Baldvin Þór Magnússon. Lýsing: Jóhann Friðrik Ágústsson. Dramatúrgía: Alexander Roberts og Ásgerður G. Gunnarsdóttir. Sýnt í Tjarnarbiói 22. mars 2018.

Verkið *Crescendo* eftir Katrínu Gunnarsdóttur var frumsýnt í Tjarnarbiói síðastliðinn fimmtudag. Titillinn hefur tilvísun til tónlistar og endurspeglar þá byggingu verksins að það vex og hnígur frá einum hluta til þess næsta. Ekki er stefnt að ákveðnum hápunkti eða úrlausn heldur skynjum við heildina eins og hægan öldugang í hreyfingu og söng. Við smíði verksins leitar höfundurinn í reynsluheim kvenna, líkamlega vinnu þeirra og endurtekningu í hreyfingum, með það að markmiði að skapa aðstæður fyrir nána kvenlæga samveru, samhug og samruna.

Katrín Gunnarsdóttir hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir verk sín sem hafa verið sýnd bæði hér heima og erlendis, en í fyrra hlaut hún Grímuna sem dansari ársins fyrir verkið *Shades of History*.

Crescendo er ljóðrænt og draumkennt verk og það kallar fram hugrenningar um einhvers konar handanheim. Formið er skýrt og einfalt, þar sem hver hluti eða þáttur opnast og lokast inn í sjálfan sig eins og hringur, og heildin sömuleiðis. Á sviðsgólfinu er ferningslaga dúkur úr velúr eða ull sem eins og sandur ýmist ýfist upp eða þjappast með dönsurunum í gegnum verkið. Í byrjun sér áhorfandinn fótspor í dúknum, sem er hægt að túlka sem ummerki eftir manneskjuna í gegnum söguna. Lýsingin er einföld og falleg og styður vel við verkið.

Það er undirliggjandi grunnpúls í verkinu sem minnir á hægan hjartslátt og leiðir áhorfendur inn í trans eða hugleiðslu. Dansarnir þrír, táknræn þrenning, dansa sem ein manneskja og persónuleiki þeirra er þannig afmáður. Þær eru heild sem túlka má sem fulltrúa fyrir konur almennt eða mannkynið allt. Þetta er afskaplega krefjandi verk fyrir dansara, og þær gerðu þetta mjög vel. Það þarf mikla nákvæmni til að vera svona samtaka í hreyfingum og ofan á allt skapa þær líka stóran hluta af hljóðmyndinni með söng sínum og andardrætti. Hljóðmyndin grípur síðan tónana og bergmálar þá. Í miðju verkinu mátti heyra eins og úr fjarska seiðandi drónakennd hljóð sem kallaði fram ógn í huga áhorfandans. Það er mikil kúnt hjá hljóðmyndahöfundi að skapa þessa fjarlægð með hljóði sem víkkaði sviðið og gaf því óendanlega dýpt – eins og sviðið væri allur heimurinn. Í bland við appelsínurauða lýsingu minnti þetta á heimsendi, eins og bjarni frá kjarnorkusprengru; eitthvað hefur gerst, og þetta er eftirhljómur endalokanna. Sviðsmynd, hljóðmynd, lýsing og búningar unnu vel saman í að búa til andrúmsloft sem hrífur áhorfandann með. Reykurinn sem kom inn á nokkrum stöðum var þó klisjukennt stílbrot og tók athygli frá dansinum.



Kjarninn „Crescendo er tregafullt, sætsúrt, einlægt, sárt og blítt – allur skalinn, eins og manneskjan,“ segir rýnir um dansverk Katrínar Gunnarsdóttur og að gott sé „að sjá líkamlegan dans í svona ljóðrænni framsetningu.“ — Ljósmynd/Owen Fiene



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Í kynningu á verkinu er lögð áhersla á að það sé byggt á tilvísunum til líkamlegrar vinnu kvenna og minnst á að það hafi tengingu inn í menningarlandslagið í dag í ljósi meðal annars #metoo-byltingarinnar. Verkið skapar hugrenningatengsl við baráttu kvenna í gegnum tímann. Konur hafa löngum verið tengdar við jarðbundnari þætti, sem endurspeglast í verkinu með því að dansararnir dansa stóran hluta verksins á hnjúnum. Rauði liturinn og áferðin minnir okkur á blóðið sem úthellt hefur verið í tímans gangi. Konurnar þrjár verja hver aðra, hughreysta, elska, styðja, bæla, þora, hreyfa og breyta heiminum. Það er auðvelt að tengja við þær umbyltingar sem eiga sér stað núna þegar kemur að baráttu fyrir jafnrétti, kynvitund og betri samskiptum kynjanna. En verkið er einnig um manneskjuna og mannkynið allt, samkenndina og hið sammannlega. Það er því í raun óþarfi að tengja verkið fyrirfram við feminískar byltingar, því það talar fyrir sig sjálf. Það er ljóð sem við skiljum án þess að vita neitt fyrirfram. Ekki skal gera lítið úr allri rannsókninni sem liggur að baki, en hún skiptir áhorfendum þannig séð ekki máli og það er einn styrkur verksins. Við finnum fyrir öldunum í verkinu, bæði í hreyfingum og hugmyndafræði, og við sem áhorfendur fáum að fljóta með.

Hér fær einfaldleikinn að njóta sín og fyrir vikið verður hver hreyfing eða söngtónn mun mikilvægari. Þegar fer að líða að lokum verða hreyfingarnar hægari og birtan í dúrhljómum söngsins tekst á við skuggana og tregann sem má lesa úr svip dansaranna. Síðan fæðist einstaklingurinn í örstutta stund þegar konurnar þrjár bráðna inn í brosið og vitund þeirra hverrar um aðra kviknar. Sú stund fékk mikilvægi sitt út af einlægni og einfaldleika verksins. Án hennar hefði það fengið á sig annan blæ og setið eftir sem draumur og heimur öldufalls og endurtekninga. Það hefði líka verið áhugavert en þessi endir leyfði áhorfendum að dvelja eftir með gleðitilfinningu. Með því að fara síðan aftur í byrjunarhreyfinguna bindur endirinn verkið saman í hring og gefur tilfinningu fyrir eilífðinni.

Það er ferskur andvari fyrir sviðslistasenu að fá verk þar sem fegurð og blíða ríkir með list dansarans, og gott að sjá líkamlegan dans í svona ljóðrænni framsetningu. Kannski er það hin nýja róttækni að taka burt allt skraut og fara aftur í kjarnann, það virkar allavega vel hér. *Crescendo* er tregafullt, sætsúrt, einlægt, sárt og blítt – allur skalinn, eins og manneskjan.

Nína Hjálmarsdóttir